



## TILKYNNING

Kjörfundur í Svalbarðsstrandarhreppi vegna sveitarstjórnarkosninga 2018 verður laugardaginn 26. maí 2018 og hefst kl. 10:00.

Kosið verður í Valsárskóla (gengið inn að sunnan).

Stefnt er að lokum kjörfundar kl. 18:00 en tekið skal fram að ekki má loka kjörstað fyrir kl. 22:00 nema kjörfundur hafi staðið í átta tíma og hálfúmi sé liðinn frá því að kjósandi gaf sig síðast fram.

Kjósendur eru því hvattir til að mæta nægilega snemma til að tryggja að þeir geti greitt atkvæði. Ennfremur eru kjósendur beðnir að hafa skilríki meðferðis.

Íbúar eiga kost á að vera viðstaddir talningu atkvæða sem hefst fljótlega eftir að kosningu lýkur. Upplýst verður á Facebook síðu sveitarfélagsins klukkan hvað talning hefst.

Nánari upplýsingar um sveitarstjórnarkosningarnar er að finna á <http://www.kosning.is/>

Kjörstjórn Svalbarðsstrandarhrepps

# FRÁ ÁLFABORG/VALSÁRSKÓLA



## Skólalæping í Valsárrskóla

Í Valsárrskóla eru haldin skólalæping í hverri viku. Skólalæping eru þannig að nemendur og starfsfólk geta komið með hugmyndir um eitthvað sem þeir vilja breyta í skólastarfinu. Hugmyndir/tillögur eru lesnar upp og svo er kaðall orðsins látinn ganga þannig að allir geta sagt sína skoðun og rökstutt mál sitt. Þegar allir sem vilja hafa tjáð sig þá greiða nemendur og starfsfólk atkvæði um tillöguna og hún annaðhvort samþykkt eða felld. Dæmi um mál sem hafa verið tekin fyrir á skólalæpingi:

- salurinn - hverjir og hvenær má nota hann í frímínútum
- nýtt nafn á sameinaðan skóla
- símanotkun nemenda í skólanum
- hafa sushi í matinn
- hafa Álfaborgar/Valsárrvision

Okkur í 5.-7. bekk finnst skemmtilegt að hafa skólalæping því þannig sköpum við lýðræði. Okkur finnst líka mikilvægt að hafa áhrif á það sem er gert í skólanum.

Strákarnir í 5.-7. bekk

## **Álfaborgar/Valsárvision**

Um daginn var haldið Álfaborgar/Valsárvision í skólanum. Allur skólinn og leikskólinn fóru niður í sal. Nemendur í Valsárskóla og Álfaborg settust niður og fengu blað og blýant síðan byrjuðu krakkar í leikskólanum að syngja. Þegar þau voru búin að syngja og hinir nemendur búnir að velja þá var komið að 1.-4. bekk og síðan 5.-10. Þetta var alveg eins og Eurovision í sjónvarpinu. Þegar dómara voru búnir að ákveða hver í hverjum aldurshópi vann og telja atkvæðin frá krökkunum í skólanum, þá komu þau á svið og sögðu hverjir unnu. Þeir sem unnu var Igor, Gabriel og Friðrik í leikskólanum og í 1.-4. bekk var Heiðbjört og í 5. til 10. var Embla. Það var gaman að halda svona söngvakeppni og mjög líklega verður hún haldin aftur á næsta ári.

Sólveig og Bergrún

## **Þemanám í Valsárskóla**

Þemanám eru tímar sem Bryndís leiðir og virka þannig okkur er skipt í hópa og við vinnum saman að mismunandi þemum í sjö vikur. Í lok lotunnar kynnum við svo verkefnið fyrir hinum hópunum. Núna erum við í þema sem heitir jafnrétti, lýðræði og sköpun og erum t.d. að fjalla um samkynhneigð, laun kynjanna og hvað lýðræði er.

Mattý, Arney og Sveindís

# FJÁRÖFLUN UNGLINGAÐEILDAR VALSÁRSKÓLA

Kirkland WC-pappír: 40 rúllur á 5.000 kr.

Klósettþappír: 48 WC-rúllur 7.000 kr og 24 rúllur 3.500 kr.

Eldhúspappír: 15 rúllur 3.800 kr. og 5 rúllur 1.300 kr.

Gæðapappír sem er keyrður heim að dyrum. Til að panta pappír má hafa samband við Fjólu Þórhallsdóttur Smáratúni 1, sem tekur við pöntunum í síma 892-0773.

---

## BÓKASAFN

Bókasafn Lestrarfélags Svalbarðsstrandar er í Ráðhúsinu á Svalbarðseyri. Það er opið á mánudögum kl. 17:00-19:00, en þess utan er hægt að komast á bókasafnið þegar skrifstofa sveitarfélagsins er opin.

---

## NÆSTU RUSLADAGAR

- |          |   |                     |
|----------|---|---------------------|
| 24. maí  | - | Græna tunnan        |
| 31. maí  | - | Gráa / brúna tunnan |
| 14. júní | - | Gráa / brúna tunnan |
| 21. júní | - | Græna tunnan        |
- 

Ströndungur kemur næst út fimmtudaginn 21. júní.

Skilafrestur er til kl. 15:00 þriðjudaginn 19. júní.